

## Námsmat í eldri deild Varmárskóla

Í Varmárskóla er leitast við að hafa leiðsegjandi námsmat (leiðsagnarmat) sem metur fjölbreytta hæfni nemenda. Nemendur og foreldrar eiga að fá skýrar upplýsingar um það sem nemendur kunna eða geta þar sem er lögð áhersla á að þeir fái tilfinningu fyrir því sem hefur áunnist og hvert næsta skref í náminu ætti að vera. Í kennsluáætlunum kemur fram hvaða hæfniviðmið liggja til grundvallar í hverri námsgrein og nám, kennsla og námsmat eiga að haldast í hendur.

Hæfniviðmið aðalnámskrár í hverri grein fyrir sig eru sá grundvöllur sem kennsluhættir og námsmat byggjast á. Í Varmárskóla er lögð áhersla á hæfnimiðaða kennsluhætti með fjölbreyttum hætti. Með verkefnum og prófum liggur ljóst fyrir hvaða hæfniviðmið er verið að meta og hvaða matskvarði liggur til grundvallar matinu. Niðurstöður einstakra verkefna og prófa eru birtar inni á Mentor ásamt tilteknum hæfniviðmiðum sem unnið er með. Rétt er að taka fram að námsmatið var unnið út frá þeim hæfniviðmiðum sem lögð hafa verið til grundvallar námi og kennslu hjá okkur (Varmárhæfni) og finna má t.d. í kennsluáætlunum og undir flísinni námsmat í Mentor, eins og áður segir. Varmárhæfniviðmiðin eru sett fram með hliðsjón af hæfniviðmiðum og matsviðmiðum sem finna má í [aðalnámskrá grunnskóla](#). Við skil á verkefnum og prófum fylgja leiðbeiningar í formi bókstafa og eða lita (sjá útskýringu hér fyrir neðan) og samtals eða umsagnar. Matið yfir veturinn er svo dregið saman í eina einkunn að vori.

★	Framúrskarandi
✓	Hæfni náð
○	Á góðri leið
✗	Hæfni ekki náð

### Einkunnakvarðinn að vori:

Einkunninni **A** er mögulegt að ná með eftirfarandi hætti.

- fyrir að sýna framúrskarandi hæfni með dýpkun eða skapandi nálgun í nokkrum þáttum náms.
- fyrir að sýna mjög mikinn stöðugleika, sjálfstæði, ábyrgð og öryggi í námi.

Einkunnin **B** þýðir að nemandinn býr að nær öllu leyti yfir þeirri hæfni sem stefnt er að.

Einkunnin **C** þýðir að nemandinn hefur almennt ekki náð tökum á þeirri hæfni sem stefnt er að en er þó á góðri leið.

Einkunnin **D** þýðir að nemandinn hefur að mjög litlu leyti náð þeirri hæfni sem stefnt er að og talsvert vantar þar uppá.

Skólum er heimilt að gefa einkunnirnar **B+** eða **C+** ef frammistaða nemenda nær ekki fullilega viðmiðum fyrir einkunnirnar A og B.



## Lykilhæfni

Samkvæmt aðalnámskrá leik, - grunn- og framhaldsskóla er öllum skólum ætlað að styðja við [lykilhæfni nemenda](#) og á það við jafnt í bóklegu, verk- og listnámi. Það er því mikilvægt að vinna með lykilhæfni í tengslum við öll námssvið grunnskólans og flétta hana inn í allt nám eins og lýst er í 18. kafla aðalnámskrár. Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla byggist lykilhæfni á grunnþáttum menntunar og áhersluþáttum grunnskólalaga. Hins vegar er horfið frá því að lokaeinkunn í lykilhæfni komi fram á útskriftarskírteini við lok grunnskóla. **Viðmið um mat á lykilhæfni eru sett fram í fimm liðum sem eru sameiginlegir öllum námssviðum:**

**Tjáning og miðlun** Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.

**Skapandi og gagnrýnin hugsun** Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að nota þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdarfærslu.

**Sjálfstæði og samvinna** Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

**Nýting miðla og upplýsinga** Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnninn hátt.

**Ábyrgð og mat á eigin námi** Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu.

Í Varmárskóla er unnið eftir agastefnunni [Uppeldi til ábyrgðar](#) og sérstök áhersla lögð á sjálfstæði, samvinnu og ábyrgð nemenda á eigin námi. Tekið er tillit til ofangreindra þátta í námsmati allra greina.

Til að halda góðri yfirsýn yfir námið er foreldrum og nemendum bent á tvennt:

1. Að þekkja **kennsluáætlanir** sem kennarar birta á vef skólans.
2. Að skrá sig mjög reglulega inn á **mentor.is**. Þar birtast allar nánari upplýsingar um viðfangsefni líðandi stundar, ástundun og mat á árangri nemenda.

**Athugið** Ef nemandi nær ekki 80% mætingu í valgrein er litið svo á að hann hafi ekki lokið viðkomandi grein og fær því ólokið/D á einkunnaskjalið. Hafa ber í huga að veikindi og leyfi verða skoðuð sérstaklega þegar meta á hvort nemandi hafi lokið valgreininni. Við hvetjum því nemendur okkar til að viðhafa stundvísi og góða ástundun náms í öllum greinum og foreldra til að aðstoða þá/okkur við það.